

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P

komudagur

7/

137/272

19.6.2009

Viðskiptanefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir nefndarritari
v/Austurvöll, Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

18. júní 2009

Tilvísun: 2009010411

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, þskj. 53 - 53. mál

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis til Fjármálaeftirlitsins, dags. 09.06. sl., þar sem óskað er umsagnar um nefnt frumvarp. Þá er og vísað til samskipta eftirlitsins við yður 16.06. sl. þar sem viðbótarfrestur var veittur til að skila umsögn um frumvarpið.

I. Ítrekaðar eru fyrri umsagnir Fjármálaeftirlitsins, dags. 17.02. og 12.03. 2009.

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri umsagna sinna um frumvarpið, dags. 17.02. og 12.03. 2009. Þar er afstöðu eftirlitsins getið m.a. um nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að Alþingi taki mið af þeim ábendingum sem þar er komið á framfæri. Þess má geta að viðskiptaráðuneytið hefur í samskiptum sínum við viðskiptanefnd Alþingis tekið undir ábendingar eftirlitsins varðandi breytingatillögur eftirlitsins.

II. Eftirfarandi ábendinga skal getið vegna frumvarpsins til viðbótar við þær sem áður hafa komið fram.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að viðskiptanefnd hugi að eftirfarandi atriðum.

1. Krafa um innri endurskoðunardeild sbr. 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Fjármálaeftirlitið telur rétt að gerð verði krafa um sérstaka innri endurskoðun hjá váttryggingafélagi líkt og verið hefur hjá fjármálafyrirtækjum.

Rétt er að vekja athygli á því að unnið er við endurskoðun á lögum um fjármálafyrirtæki þar sem m.a. verður hugað að fyllri ákvæðum um innri endurskoðun. E.t.v. er rétt að bíða með breytingu vegna þessa á lögum um váttryggingastarfsemi þangað til fyllri umræða hefur farið fram um mögulegt fyrirkomulag þessa.

Þrátt fyrir ofanritað er rétt að undirstrika mikilvægi breytingatillögu Fjármálaeftirlitsins varðandi 44. gr. laganna sbr. umsögn, dags. 17.02. sl.

2. Rétt er að nefna mögulega viðbót við lok 2. mgr. 43. gr. laga um váttryggingastarfsemi þess efnis að: "Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til þess að þeir geti gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt."

Rétt er að huga að því hvort rétt sé að gera fyllri kröfur um hæfi stjórnarmanna váttryggingafélaga. E.t.v. á að gera kröfu um að sýna skuli fram á að viðkomandi búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt þeim starfa sem hér um ræðir. Mikilvægt er að stjórnarmaður í eftirlitsskyldri starfsemi hafi þekkingu til starfans. Það er vart fullnægjandi að velja aðila til starfans sem ekki hefur kynnt sér þá starfsemi sem hér um ræðir. Minnt er á að stjórn váttryggingafélags skal hafa almennt eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum, þar á meðal eftirlit með bókhaldi og ráðstöfunum fjármuna félagsins. Stjórnin ber, ásamt framkvæmdastjóra, ábyrgð á því að skipulag félagsins og innra eftirlit sé fullnægjandi og á því að félagið geti lagt fram upplýsingar sem þörf er á til

eftirlits með því. Minnt er og á að stjórn váttryggingafélags skal án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um málefni sem hafa úrslitapýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins.

Að teknu tilliti til ofanritaðs er mikilvægt að gera auknar kröfur til hæfis stjórnarmanna.

3. Til umhugsunar skal nefna hvort ástæða sé til að hafa ákvæði þess efnis í 43. gr. laganna um að "Ekki sé heimilt að hafa starfandi stjórnarformann í váttryggingafélagi".

Stjórn váttryggingafélags gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki með starfsemi félagsins og því getur verið óheppilegt að stjórnarformaður geti jafnframt verið í fullu starfi hjá váttryggingafélagi. Hugmynd sem þessa þarf einnig að ræða á vettvangi endurskoðunar t.d. laga um fjármálafyrirtæki.

4. Til umhugsunar má nefna hvort takmarka eigi heimild aðila til að kjósa sama endurskoðunarfirma. E.t.v. á að setja tímamörk á þetta t.d. ekki oftar en í fimm ár í röð í váttryggingafélagi. Ef til þessa ætti að koma þyrfti Fjármálaeftirlitið, að fenginni umsókn, að hafa heimild til að veita undanþágu frá slíku banni.

Þá röksemd má færa fram að heppilegt getur verið að gera reglulega breytingu á endurskoðendum váttryggingafélaga. Hliðstæð regla ætti þá að gilda vegna starfsemi annarra eftirlitsskyldra aðila. Óheppilegt getur verið að sami endurskoðandi annist um árábil þá endurskoðun sem kveðið er á um í lögum.

5. Vísað er til tillögu eftirlitsins frá 17.02. sl., um að í ákvæði til bráðabirgða verði gefinn frestur til gildistöku ákvæðis 1. mgr. 34. gr. til 1. janúar 2010. Fjármálaeftirlitið tekur undir tillögu viðskiptaráðuneytisins um að betur fari að tekið verði á gildistöku ákvæða í gildistökuákvæði frumvarpsins í stað sérstaks bráðabirgðaákvæðis.

Fjármálaeftirlitið undirstrikar mikilvægi þess að frumvarp til nýrra laga um váttryggingastarfsemi verði samþykkt á Alþingi. Mikilvægt er að innleiða tilskipun nr. 2005/68/EB um endurtryggingar og gera nauðsynlegar breytingar vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2002/87/EB um viðbótareftirlit með fjármálafyrirtækjum, váttryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypum.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason


Rúnar Guðmundsson